**1131. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 23. nóvember 2020 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**
Marzellíus Sveinbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristján Þór Kristjánsson, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Formaður bæjarráðs fól Nanný Örnu Guðmundsdóttur stjórn fundar kl. 10.00.

**Dagskrá:**

1. **Dagskrá og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

*Verkefnalisti yfirfarinn.*

2. **Stytting vinnuviku - 2020090005**

Lagt fyrir minnisblað Baldurs I. Jónassonar, mannauðsstjóra, dagsett 19. nóvember 2020, um útfærslu á styttingu vinnuviku hjá starfsfólki Ísafjarðarbæjar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Gestir**

Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri - 08:10

Baldur yfirgaf fundinn kl. 9:10.

3. **Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð. - 2019100083**

Lögð fram uppfærð útboðsgögn vegna snjómoksturs í Skutulsfirði og Hnífsdals, ásamt minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 20. nóvember 2020, en lagt er til að útboði verði vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að heimila útboð á snjómokstri í Skutulsfirði og Hnífsdal, á grundvelli breytinga á útboðsgögnum.*

**Gestir**

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 09:10

4. **Hjúkrunarheimilið Eyri - viðbygging - 2020 - 2020040005**

Lögð fram drög að samningi um frumathugun vegna viðbyggingar Hjúkrunarheimilisins Eyrar á Ísafirði.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samning um frumathugun vegna*

*viðbyggingar Hjúkrunarheimilisins Eyrar.*

**5. Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði - 2020040001**

Lögð fram drög að nýjum útboðsgögnum vegna knattspyrnuhúss, ásamt minnisblaði Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 16. nóvember 2020, þar sem lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til breytinga á útboðsgögnum.

*Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.*

Axel yfirgaf fundinn kl. 9:30.

**6. Tölvumál Ísafjarðarbæjar - 2017020127**

Lagt fram minnisblað Eyþórs Guðmundssonar, innkaupa- og tæknistjóra, dags. 20. nóvember 2020, varðandi niðurstöðu útboðs um kaup á tölvubúnaði.

*Bæjarráð samþykkir tilboð um tölvukaup samkvæmt minnisblaði.*

**7. Trúnaðarmál á mannauðssviði - 2020090017**

Trúnaðarmál kynnt fyrir nefndarmönnum.

*Bókun færð í trúnaðarmálabók bæjarráðs.*

**8. Umsókn um frumkvöðlastyrk - Kalksalt - 2020100108**

Lögð fram umsókn Kalksalts ehf. um frumkvöðlastyrk, dags. 12. september 2020, ásamt minnisblaði Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 19. nóvember 2020.

*Bæjarráð samþykkir að veita Kalksalti ehf. frumkvöðlastyrk samkvæmt minnisblaði.*

**9. Tungumálatöfrar, sumarskóli fyrir fjöltyngd börn - 2017050109**

Lagt fram erindi Önnu Hildar Hildibrandsdóttur, stjórnarformanns Tungumálatöfra, dags. 16. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir fjárframlagi til Tungumálatöfra árið 2021, auk þess sem óskað er eftir að gera styrktarsamning til nokkurra ára.

*Bæjarráð vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar.*

**10. Starfshópur um húsnæðismál á Flateyri - 2020110050**

Lagður fram tölvupóstur Gunnhildar Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. nóvember 2020, þar sem óskað er tilnefningar sveitarfélagsins um fulltrúa í starfshóp um húsnæðisþörf á Flateyri.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að tilnefna í hópinn.*

**11. Snjóflóð í Önundarfirði og Súgandafirði 14.1.2020 - 2020010042**

Lögð fram yfirlitsskýrsla hafnarstjóra, dags. 12. nóvember 2020, þar sem kemur fram framvinda endurbyggingar og samantekt kostnaðar vegna snjóflóðsins sem féll í bátahöfnina á Flateyri þann 14. janúar 2020.
Skýrslan var kynnt á 216. fundi hafnarstjórnar þann 18. nóvember 2020.
Hafnarstjórn vísaði skýrslunni til bæjarráðs til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**20. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - ýmis erindi 2020 - 2020060103**

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019.

*Lagt fram til kynningar.*

**21. Ýmis erindi 2020-2021 - 2020100107**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Vals Rafns Halldórssonar, sviðsstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. nóvember 2020, vegna landsþings sambandsins.

*Lagt fram til kynningar.*

**22. Lýðskólinn á Flateyri - 2016110085**

Lögð fram drög Stefaníu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, að samningi við Lýðskólann til næstu þriggja ára, ásamt minnisblaði dags. 20. nóvember 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**23. Lýðskólinn á Flateyri - 2016110085**

Lagður fram viðauki 19 við fjárhagsáætlun 2020, en bæjarstjóra var falið að gera viðauka vegna málsins á 1130. fundi bæjarráðs 16. nóvember 2020.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0, eða óbreytt rekstrartap kr. -372.442.288,-.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0,- eða óbreytt rekstrartaps kr. -379.384.175,-

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 19 við fjárhagsáætlun 2020 vegna styrks til endurbóta á Nemendagörðum Lýðskólans.*

**24. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024 ásamt drög að greinargerð fyrir árið 2021.

*Bæjarráð vísar fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar, stofnana og fyrirtækja fyrir árið 2021 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.*

**25. Gjaldskrár 2021 - 2020050033**

Lagðar fram gjaldskrár 2021, ásamt minnisblaði Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 20. nóvember 23020, um tillögur að breytingum á gjaldskrám Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð vísar gjaldskrám Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.*

**26. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032**

Lagt fram til kynningar minnisblað Ásgerðar Þorleifsdóttur, deildarstjóra launadeildar, dags. 20. nóvember 2020 um áhrif kjarasamninga á laun árið 2020 og

áætluð áhrif í launaáætlun 2021.

*Lagt fram til kynningar.*

**12. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

Umsagnarfrestur er til 1. desember.

*Málinu vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar.*

**13. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis), 275. mál.
Umsagnarfrestur er til 2. desember nk.

*Málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.*

**14. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál.
Umsagnarfrestur er til 2. desember nk.

*Málinu vísað til velferðarnefndar.*

**15. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar H. Sigurjónsdóttur, f.h. atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál.

Umsagnarfrestur er til 2. desember nk.

*Málinu vísað til skipulagsfulltrúa.*

**16. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 17. nóv. 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál.
Umsagnarfrestur er til 1. desember nk.

*Málinu vísað til íþrótta- og tómstundanefndar.*

**17. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar H. Sigurjónsdóttur, f.h. allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 19. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, 278. mál.
Umsagnarfrestur er til 3. desember.

*Málinu vísað til fræðslunefndar.*

**18. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 19. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), 82. mál. Umsagnarfrestur er til 3. desember nk.

*Málinu vísað til bæjarritara.*

**19. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 187. mál. Umsagnarfrestur er til 2. desember nk.

*Málinu vísað til velferðarnefndar.*

**27. Hafnarstjórn - 216 - 2011014F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 216. fundar hafnarstjórnar, sem fram fór 18. nóvember 2020.

Fundargerðin er í átta liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

27.3 2020010042 - Snjóflóð í Önundarfirði og Súgandafirði 14.1.2020

Hafnarstjóri fer yfir helstu atriði skýrslunnar.

Hafnarstjórn þakkar fyrir greinargóða skýrslu og vísar skýrslunni til kynningar í bæjarráði.

**28. Íþrótta- og tómstundanefnd - 216 - 2011012F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 216. fundar íþrótta- og tómstundanefndar sem fram fór 18. nóvember 2020.

Fundargerðin er í þremur liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**28. Sameinuð almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps - 34 - 2011013F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 34. fundar almannavarnarnefndar sem fram fór 13. nóvember 2020.

Fundargerðin er í einum lið.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10**

| | |
|---|---|
| Kristján Þór Kristjánsson | Daníel Jakobsson |
| Nanný Arna Guðmundsdóttir | Birgir Gunnarsson |
| Bryndís Ósk Jónsdóttir | |